



Íslandsbleikja ehf.  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 26. júní 2017  
Tilv.: UMH17050036/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 8. maí sl., þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Íslandsbleikju í Núpsmýri. Fram kemur í erindinu að fyrirtækið hafi sent tilkynningu um stækkun og aukningu á framleiðslumagni á Skipulagsstofnun í febrúar sl. og að niðurstaða um matsskyldu liggji ekki fyrir. Umsagnarferlið hafi tekið töluvert lengri tíma en gert hafi verið ráð fyrir og ljóst sé að hver sem endanleg niðurstaða verði þá muni Umhverfisstofnun ekki ná að gefa út nýtt starfsleyfi áður en gildandi leyfi renni út. Eldið hafi starfað án athugasemda frá Umhverfisstofnun og hafi nýlega verið fært niður um áhættuflokk og eftirlitsheimsóknnum fækkað úr tvisvar í eina heimsókn á ári.

Í 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og Matvælastofnun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 31. maí sl. kemur fram að rekstraraðili hafi ekki fengið skráð frávik í eftirliti sem fór síðast fram 7. september 2016 en hafi þó fengið athugasemdir varðandi losun úrgangs og tæmingu settjarna og hafi það mál ekki verið leyst með fullnægjandi hætti. Rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar og skilað inn fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar aukningar á framleiðslu. Varðandi athugasemdir í eftirliti er varða losun úrgangs og tæmingu í settjarnir telji stofnunin að hægt sé að finna þeim farveg í nýju starfsleyfisferli og leiða þær ekki til neikvæðrar niðurstöður að svo stöddu. Umhverfisstofnun geri því ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir ráðuneytið Íslandsbleikju ehf., kt. 610406-1060, hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Íslandsbleikju í Núpsmýri.

Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að Íslandsbleikja ehf. fylgi ákvæðum þeim sem koma fram í starfsleyfi fyrir Íslandsbleikju ehf. Öxarfirði sem gefið var út 1. júlí 2015, sbr. starfsleyfi upphaflega frá 14. júní 2005.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. júlí 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra